

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar, Lónsbraut 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 2. janúar 2008 breytingu á deiliskipulagi Suðrhafnar, Lónsbraut 1 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðin nr. 1 við Lónsbraut minnkar og þar gert ráð fyrir 25 m² lóð fyrir dreifistöð Hitaveitu Suðurnesja. Stærð byggingar er 2,3 x 3,3 m og hámarkshæð er 2,6 m. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður miðbær, Reykjavíkurvegur 4b.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 2. janúar 2008 breytingu á deiliskipulaginu Hafnarfjörður miðbær, Reykjavíkurvegur 4b í Hafnarfirði. Breytingin felst í að síðari tíma viðbyggingar við húsið verða rifnar og byggingarreitur stækkaður til austurs og norðurs. Veggshæð og mænishæð verður sama og á elsta hlutanum. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Álfhella 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 8. janúar 2008 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Álfhella 1 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðarmörk og byggingarreitur stækka til norðausturs. Lóð stækkar úr 3.837 m² í 4.602 m².

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 21. janúar 2008,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 4. febrúar 2008